

Verzlun
Sig. Sigurðssonar
Siglufirði.

Fram

Sólskinsápa
tvær stærðir
nýkomnar
Friðb. Nielsson.

III. ár.

Siglufirði 29. marz 1919.

13. blað.

Með þessu blaði látum við undirritaðir af ritstjórn blaðsins, en við tekur kaupm. Sophus A. Biöndal.

Við þökkum öllum þeim, sem á einn eða annan hátt hafa stutt okkur við þetta starf, sem við vorum aðeins ráðnir við til bráðabirgða, og sem verið hefir ýmsum erfiðleikum bundið alt frá byrjun; en þó sérstaklega framan af.

Við göngum þess ekki duldir, að þrátt fyrir góðan vilja, hafi ritstjórninni verið að ýmsu leyti ábótavant þennan tíma, en væntum þess, að nú taki betra við.

Jafnframt þökkum við hinar ágætu viðtökur, sem blaðið hefir fengið víðsvegar út um land, og óskum þess, að það meigi njóta sömu vinsælda hér eftir sem hingað til.

Virðingarfylst,

Friðb. Nielsson.
Hannes Jónasson.

Rafleiðsla yfir Kattegat.

Iðnaðarráðið danska hefir skipað nefnd til að athuga möguleikana fyrir því, að leiða rafmagn frá Noregi og Svíþjóð yfir til Danmerkur. Nefndina skipa Prófessor Wm. Rung, Direktör Angelo og Ingeniör Faber. — Þeir telja þetta vel mögulegt.

Ráðgjört er að taka afl úr stórám Noregs, þeim, sem næstar eru landamærum Svíþjóðar og leiða það yfir land til Gautaborgar eða jafnvel skifta á því afli, að einhverju leyti og aflinu úr Gautelfi. Frá Gautaborg yrði svo aflið leitt neðansjárvar yfir Kattegatið til Friðrikshafnar. Nefndin hefir líka talað um að taka aflið neðansjárvar beina leið frá Sudur-Noregi og til Hirsthals og telur það líka vel framkvæmanlegt.

Afleiðslan er ráðgjörð háspent jafnstreymisleiðsla með alt að 100 þús. Volta spennu. — Jafnstreymisleiðsluna telja þeir einfaldari og ódýrari en skiftastraumsleiðslu, — og er búist við að geta flutt þannig 50 miljónir kilavottíma, en það er helmingi meira rafafi en Kaupm.höfn notar yfir árið, og jafngildir ca. 75 þús. smál. af kolum sem þeir meta á 12 til 13 miljónir króna.

Í Friðrikshöfn vilja þeir láta byggja

öflugna »Transformation«-stöð og leggja leiðslu þaðan um allt Jótland en jafnframt leggja niður allar smástöðvar sem þar eru nú og sem svara illa kostnaði, en láta þær stærri standa til að hafa þær til hjálpar þegar vatnslítið væri í Noregi t. d. í frostavetrum.

Kostnaðurinn er giskað á að muni verða 20 til 30 miljónir króna, en að fyrirtækið muni, þrátt fyrir það, margborga sig efar nefndin ekki. —

Neðansjárvarleiðsla þessi er um 100 kílómetrar eða 15 sinnum lengri en hin lengsta afleiðsla neðansjárvar sem nú er til, — það er afleiðslan milli Helsingjaborgar og Helsingjaeyrar sem leiðir aflið frá Hallands-ánum til Sjálands. — Sú leiðsla er skiftitraumsleiðsla með 25 þús. Volta spennu.

Þessum körlum mundi ekki vaxa í augum að beisla Fljótaána og leiða aflið þessa fáu kílómetra hingað til Siglufjarðar.

J. Jóh.

Ávarp

til íslenskra kvenna.

Síðastliðið vor beindum vér þeirri málaleitun til kvenna víðsvegar um land, að þær vildu vinna að því, að 19. júní yrði framvegis hátiðlegur haldinn sem minningardagur réttarbóta vorra og fjársöfnunardagur til eflingar Landsspítalasjóði Íslands.

Vér sendum áskorunina út í því trausti, að kvenfélög eða einstakar konur er velviljaðar væru sjóðnum, vildu taka málið í sínar hendur. Sem svar við áskoruninni bárust síðar til vor, úr nokkrum héruðum, upphæðir, er inn höfðu komið fyrir hátiðahöld 19. júní. Kunnum vér þeim konum, er þegar brugðust svo vel við, hinar bestu þakkir. Þær hafa með framtakssemi sinni sýnt, að kleift er að gera hið sama víðar.

Vér viljum því á ný skora á allar góðar konur um land alt, að gangast fyrir því, hver í sinni sveit eða héraði, að kvenréttindadagurinn 19. júní verði hátiðlegur haldinn og samfara hátiðahöldum fari fram fjársöfnun til Landsspítalasjóðsins. Því hann ber oss, bæði nú og síðar, að skoða sem minningarvott 19. júní 1915. Sá dagur er og verður um ókomnar aldir örlagadagur ís-

Peir, útsölumenn og einstakir kaupendur blaðsins, sem ekki hafa enn greitt annan árg. blaðsins eru hérmeð vinsamlega ámintir um að gera það hið allra fyrsta.

lenskra kvenna. Oss ber því að minnast árlega þess dags, að stuðla að því, að hann festi rætur í hugum komandi kynslóða, er taka eiga að erfðum réttindi þau, er hann flutti oss, og hagnýta þau sem best, þjóðfélaginu og sjálfum sér til heilla.

Um leið og vér látum þá ósk vora í ljós, að allar þær konur er áður hafa unnið fyrir Landsspítalasjóðinn, láti einnig nú hjálpa sína í té, væntum vér þess, að margar konur, er enn þá hafa látið málið afskiptalaust gangi nú einnig í lið með oss. Og til kvenfélaga þeirra, er starfandi eru, viljum vér sérstaklega beina þessari áskorun vorri. Margar hendur vinna létt verk.

Hér í Reykjavík hefur Landsspítalasjóðsnefndin í hyggju að gera alt er í hennar valdi stendur til þess að næstkomandi 19. júní verði hátiðlegur haldinn og um leið safnað fé í Landspítalasjóðinn. Höfum vér fengið leyfi stjórnarvaldanna til þess að halda hlutaveltu, basar og lotterí, þann dag, til eflingar sjóðnum. Til þess að hlutavelta og basar geti orðið sjóðnum sem arðvænlegust, verðum vér að njóta styrks yðar og velvilja. Vér leyfum oss því, að leyta aðstoðar yðar í að safna gjöfum, sem svo þurfa að vera komnar í vorar hendur snemma í júnímánuði.

Farsóttin mikla í vetur færði mönnum heim sanninn um það, að ekkert skortir bæ vörn og landið alt jafn tilfínanlega, sem fullkomið, rúmgott sjúkrahús. Sú þörf eykst með degi hverjum, jafnvel þótt enginn sérstakur vóði sé fyrir höndum. Þess vegna — konur góðar — ber oss skyldu til að halda því starfi voru, er þegar er farsælega hafið, áfram með dugnaði og atorku, svo Landsspítalasjóðurinn verði þýðingarmikill til úrslita þess, hve fljótt Landsspítali verður reistur á Íslandi.

Í öruggri von um aðstoð yðar og ótult fylgi — fullvissar þess, að

Fundur

verður haldinn í *Málfundafélaginu* í kvöld kl. 6 í barnaskólanum.

Á fundi þessum eru allir verkamenn Siglufjarðar beðnir að mæta, til þess þar að ræða um stofnun Verkamannafélags í Siglufirði.

Stjórnin.

vér séum allar einhuga fylgjandi þessu máli, treystandi því, að vinsældir þær, er það þegar hefir unnið, geri starfið í þess þarfir ljúft og létt, sendum vér þetta bréf vort til allra landsins kvenna,

Rvík, 15. dag martsmán. 1919.

Með kærri kveðju.

Í stjórn Landsspítalasjóðs Íslands.

Ingibjörg H. Bjarnason,
formaður.

Þórunn Jónassen,
gjaldkeri.

Inga L. Lárusdóttir,
ritari.

Laufey Vilhjálmisdóttir.
Guðrún Guðmundsdóttir.

Sigurbjörg Þorlákisdóttir.

Elin Jónatansdóttir.

Jónína Jónatansdóttir.

Fréttir.

Jóhannes Jósefsson, glímukappi frá Akureyri, ráðgerir að koma til Íslands í sumar; en hann hefir dvalið í Ameríku nokkur ár.

Fiskiskipin sunnlensku hafa aflað afbragðsvel, það sem af er vertíðinni.

Útgerðarmenn í Rvík hafa nú þegar samið um smíði á tveim botnvörpungum í Englandi, sem eiga að vera til í september n. k. Þeir munu þó hugsa til að kaupa eða láta smíða mörg skip fleiri þegar á þessu ári.

Smásöluverð allra nauðsynjavara í Rvík, var í janúarmánuði s. l. hækkad um 230 prósent að meðaltali frá stríðsbyrjun. En lækkad höfðu þessar vörur þó að meðaltali um 1% frá því í júlí 1918.

Tveim nýum lögregluþjónum hefir nýlega verið bætt við lögregluhlíf Rvíkur.

Þjóðverjar, sem eru á Íslandi, hafa fengið heimfaraleyfi.